

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 618/1996 vegna hundahalds í Garðabæ.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1999.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 16

6. janúar 1999

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. Sorpeyðing	kr. á ári
Íbúðarhús	5.000
Atvinnurekstur, bújarðir, garðyrkjustöðvar o. fl.	8.000
Sumarhús	3.000

Stærri atvinnurekstur- sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr. á ári
a)	10.000
b)	20.000
c)	30.000
d)	70.000
e)	100.000
f)	150.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni úrgangs.

B. Sorphreinsun	kr. á ári
Sótt vikulega, íbúðarhús	3.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast

þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 659/1996 fyrir sorphirðu í Hruna-  
mannahreppi.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. janúar 1999.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

4. janúar 1999

Nr. 17

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi í landi Ingólfshvols, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í landi Ingólfs-  
hvols, Ölfushreppi.

Tillagan var auglýst skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin  
af Skipulagsstofnun. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi áður samþykkt  
deiliskipulag frá 8. september 1997.

Svæðið nær yfir byggingarreit fyrir reiðhöll og hesthús og annan reit fyrir byggingu  
smáhýsa/starfsmannahúsa, er tilheyra rekstri reiðhallarinnar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

4. janúar 1999

Nr. 18

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag lóðar fyrir unghænuhús og vélageymslu í landi Auðsholts, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir unghænuhús og véla-  
geymslu í landi Auðsholts, Ölfushreppi.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin  
af Skipulagsstofnun.

Svæðið nær yfir byggingarreit fyrir unghænuhús og vélageymslu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.